



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

Ársskýrsla Fuglaverndar 2015

Lögð fram á aðalfundi á Eyrarbakka 16. apríl 2016

Stjórn starfsársins var kosin á aðalfundi þann 16. apríl 2015 og skipti hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum á þennan hátt:

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndar; Hjálmar A. Jónsson varaformaður; Ásgerður Einarsdóttir, ritari, Daníel Bergmann, gjaldkeri; Elma Rún Benediktsdóttir, Sindri Skúlason og Erpur Snær Hansen meðstjórnendur. Stjórnin hélt 6 fundi á árinu.

Árgjald var óbreytt á árinu: einstaklingsaðild kr. 4200, fjölskylduaðild 5200 og ungliða- og ellilífeyrisþegaaðild 3200. Í desember voru skráðir félagsmenn 1143 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

Rekstur

Skrifstofa Fuglaverndar er í eigin húsnæði að Hverfisgötu 105, húsnæði sem við keyptum fyrir arf Hjálmars R. Bárðarsonar.

Frankvæmdastjóri félagsins í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir.

María Magnúsdóttir á Blönduósi styrkti félagið rausnarlega eins og oft áður.

Athugasemdir, kærur og ályktanir

Fuglavernd skoraði á kattaeigendur að halda köttum inni yfir varptímann. Jafnframt voru húseigendur hvattir til að hlífa starahreiðrum meðan egg og ungar væru í hreiðrum og setja upp varpkassa fyrir starann. Einnig hvatti Fuglavernd rjúpnaskyttur til að stilla veiði sinni í hóf.

Fuglavernd gerði athugasemdir við ný lög um náttúruvernd, sem tóku gildi 15. nóvember. Jafnframt fylgdum við eftir eldri athugasemdum um vindmyllur í Þykkvabæ. Fuglavernd ályktaði um vegagerð í Gufudalssveit á útmánuðum, en þar virðist gömul lumma vera að endurtaka sig. Einnig sendi Fuglavernd með aðstoð *BirdLife* athugasemdir við skógræktarstefnu ríkisstjórnarinnar til Bernarsamningsins og er von á sendinefnd til landsins í lok maí frá AEWA – samningi um verndun afrísk-eyrasískra sjó- og vatnafugla.

Útgáfa og miðlun

Tíunda hefti Fugla kom út um vorið, stútfullt af efni eins og venjulega. Fuglavernd stóð að útgáfu á bæklingi um fuglaskoðun í Reykjavík ásamt borginni.

Fuglavernd gaf út barmmerki eða nælur með myndum af heiðlóu, fálka og lunda.

Fylgjendur fésbókarsíðunnar eru nú (á aðalfundi) 3480. Einnig er félagið með twitter aðgang þar sem fylgjendur eru 150 og Flickr síðu, bæði fyrir fuglamyndir og félagsstarfið.

Sala



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

Með nýju húsnæði jukust möguleikarnir á að selja varning til ágóða fyrir félagið. Við seljum núna fuglahús, bæði varpkassa og fóðurhús, sem eru smíðuð á Litla-hrauni. Jafnframt fuglafóður og er hýðislaust sólblómafræ afar vinsælt; kort, barmmerki og aðra útgáfu félagsins, auk ýmiss annars varnings.

Friðlandið í Flóa

Lífið í friðlandinu gekk sinn vanagang. Vatnsborðshæð var nú eðlileg eftir tvö mjög blaut sumur í röð. Í apríl var enn endurheimt og mokað í skurði og var það styrkt af Auðlind, náttúrusjóði. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkti gerð skilta o.fl., en ný skilti hafa verið sett upp á nokkrum stöðum í Friðlandinu.

Samstarf við Umhverfisráðuneytið

Félagið átti fulltrúa í starfshópi um endurheimt votlendis. Hópurinn skilaði skýrslu til ráðherra skömmu eftir áramótin 2015/16.

Ráðuneytið styrkti starfsemi Fuglaverndar, eins og fram kemur í ársreikningum félagsins.

Erlent samstarf

Könnun á meðafla grásleppubáta var ýtt af stokkunum í samstarfi við Konunglega breska fuglaverndarfélagins (RSPB) og *BirdLife International*. Rory Crawford fór fyrir verkefninu. Við fengum BioPol á Skagaströnd til að annast verkið. Í ljós kom að kringum 19.000 fuglar drepast í grásleppunetum árlega og þar af um helmingurinn teistur. Dílaskarfur og æður voru næst því að eiga á hættu að ánetjast. Verkefninu verður haldið áfram á komandi grásleppuvertíð.

Eins og fram kom í síðustu Fuglum, styrkti RSPB starfsemi félagsins á síðasta ári. Í samræðum við Mark Day, yfirmann alþjóðadeildar og fleiri starfsmenn RSPB kom í ljós, að samtökin hafa breytt stefnu sinni að tvennu leyti á allra síðustu árum. Annars vegar opnað þau fyrir breiðari umhverfis- og náttúruverndarnálgun, en bara að sinna fuglavernd. Enda kom nýtt slagorð „giving nature a home“, í stað hins gamla „for birds – for people – for ever“. Hins vegar hefur stefnan verið sett á að styrkja verndun fuglastofna sem eru að einhverju eða öllu leyti hafa viðdvöl á Bretlandseyjum, í stað þess að styðja verkefni um allan heim. RSPB ákvað því að leggja okkur tímabundið lið við að efla fjárhagslegt sjálfstæði og auka tekjur okkar.

Framkvæmdastjóri og formaður heimsóttu deild Konunglega breska fuglaverndarfélagins í Skotlandi í júlí, bæði skrifstofurnar í Glasgow og Edinborg. Var þetta liður í vaxandi samstarfi félaganna og kostað af RSPB. Formaður hitti síðan framkvæmdastjóra RSPB í ágúst og snæddi með honum kvöldverð.

Framkvæmdastjóri og formaður endurguldu heimsókn Kýpverska fuglaverndarfélagins um mánaðamótin mars/apríl. Heimsóknin var liður í samstarfi við *BirdLife* Kýpur vegna verkefnis sem lítur að umsjón með IBA svæðum og er alfarið styrkt af *EEA and Norway grants*.

Framkvæmdastjóri fór á fund Evrópskra framkvæmdastjóra í Sofíu í Búlgaríu í nóvember. Umhverfisráðuneytið styrkti.

Framkvæmdastjóri sótti námskeið hjá Bandaríska sendiráðinu: International Visitor Leadership Program.

Innlent samstarf

Hólmfríður sér um að finna og tilnefna fulltrúa frjálsra félagasamtaka fyrir hin ýmsu verkefni Umhverfisráðuneytis og -stofnunnar. Dæmi um slíkt var að skipa fulltrúa í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, fulltrúa í nefnd sem úthlutar úr Veiðikortasjóði, og fulltrúa í nefnd sem veitir verðlaun á degi umhverfissins svo eitthvað sé nefnd.

Garðyrkjufélagið og Fuglavernd héldu námskeið fyrir börn þann 7. febrúar undir yfirskriftinni *Fuglarnir í garðinum heima*.

Fuglavernd, Canon og Nýherji efndu nú öðru sinni til fræðslufundar um fuglaljósmyndun þann 19. mars í húsakynnum Nýherja. Stefnt er að því að þetta verði árlegur viðburður í framtíðinni. Sindri Skúlason hélt utanum atburðinn.

Formaður fór á ársfund Náttúrustofa á Höfn í apríl og kynnti félagið og bryddaði á samstarfi við að vakta auglýsingar um breitt skipulag um land allt.

Fuglavernd var í samstarfi við Reykjavíkurborg um Fuglavíku dagana 17.-25. október. Haldið var málþing, farið í skoðunarferðir, bæklingur gefinn út og vefur opnaður.

Fuglavernd tók þátt í loftslagsgöngunni 29. nóvember, sem var gengin vegna yfirstandandi Parísarráðstefnu um loftslagsmál.

Tilraun til samstarf við Skotveiðifélag Íslands um að taka upp stálhögl í stað blýhagla tókst ekki.

IBA – Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði

Áfram var unnið að skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, sérstaklega þau svæði sem hýsa sjófuglabyggðir (Marine IBA). Verkið er unnið í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og *BirdLife*. Um 500 nýjar færslur voru settar í gagnagrunn, meira en helmingur þeirra tengdist sjávarsvæðum. Nú liggja fyrir lýsingar og myndir á flestum strandsvæðanna og er stutt í að þær verði aðgengilegar almenningi á vefnum.

Sýningar, fyrirlestrar og viðburðir

Fræðslufundir

Þann 25. febrúar hélt Gunnlaugur Sigurjónsson myndasýningu frá ferð til Svalbarða sumarið 2013.

Þann 28. apríl héldu þeir Hlynur og Víðir Óskarssynir erindi og myndasýningu um ferð til Perú undir heitinu Fuglar og fornminjar.

Á aðalfundi 16. apríl hélt Erpur Snær Hansen frá Náttúrustofu Suðurlands erindi um veiðiálag og stofnþekkingu.

Fuglaskoðun

Þann 3. maí var fuglaganga í Laugardal í samvinnu við Grasagarðinn. Hannes Þór Hafsteinsson leiddi gönguna.

Í tilefni af alþjóðlega farfugladeginum stóð Fuglavernd fyrir fuglaskoðun á Álftanesi sunnudaginn 10. maí. Ólafur Á. Torfason og Hallgrímur Gunnarsson leiddu hópinn.

Fuglavernd bauð upp á fuglaskoðun í Friðlandinu í Flóa 31. maí, 14. og 21. júní. Leiðsögumenn voru Elma Rún Benediktsdóttir, Örn Óskarsson og Jóhann Óli Hilmarsson.

Fuglaskoðun var í friðlandinu í Vatnsmýri 13. júní í samvinnu við Norræna húsið. Elma Rún Benediktsdóttir leiddi.

Á degi íslenskrar náttúru, 16. september, var fuglaskoðun við Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. Elma Rún Benediktsdóttir var leiðbeinandi.

Vetrarfuglaganga í samstarfi við Grasagarðinn í Reykjavík var farin 13. desember. Hannes Þór Hafsteinsson stýrði.

Garðfuglar

Garðfuglakönnun veturinn 2014-2015 hófst í lok október 2014 og stóð út apríl. Hún var nú haldin í 22. sinn. Þátttaka var í dræmara lagi. Garðfuglakönnun 2015-2016 hófst síðan í október 2015. Garðfuglahelgi er styttri athugun. Henni var hrundið af stað veturinn 2004 og var nú haldin frá 23.-26. janúar 2015. Þátttaka var minni en oftast nær, 114 þátttakendur töldu í 106 görðum. Slæmu veðri var kennt um dræma þátttöku, því viðburðurinn fékk þónokkra umfjöllun í fjölmiðlum. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru umsjónarmenn þessara viðburða en Ólafur hefur haldið utan um garðfuglakönnun frá upphafi.

Hollvinir Tjarnarinnar komu saman þann 18. apríl. Sjálfboðaliðar hreinsuðu rusl í friðlandinu í Vatnsmýri, klipptu runna og fleira til hagsbóta fyrir varpfugla. Ólafur K. Nielsen er í forsvari fyrir hópnum.

Annað

Hólmfríður sótti samráðsfund um ástand rjúpnastofnsins.

Áheit vegna Reykjavíkummarþons voru 40.170 krónur.

Framkvæmdastjóri og formaður sátu Umhverfisþing 9. október. Þemað var umhverfisvernd og túrismi.

Sérstök jólaopnun var á skrifstofu Fuglaverndar, þar sem seldar voru vörur eins og fuglakort og fóðrarar. Það skapaðist skemmtileg stemming hjá þeim sem komu.

Stjórn sameinaðist um að setja saman stefnumótun til ársins 2020. Þar er sett fram tegundarverndaráætlun, búsvæðaverndaráætlun og markmið fyrir starf félagsins og skrifstofu.